

Málstefna Fellaskóla

„Allt fólk á jörðinni á sér móðurmál“ Vigdís Finnbogadóttir

Fellaskóli er grunnskóli þar sem yfir 80% nemenda eru fjöltyngdir og í nemendahópnum eru töluð rúmlega 20 tungumál. Íslenska er sameiginlega tungumálið í Fellaskóla og skólamálið nemenda.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla hvílir ábyrgð á íslenskunámi nemenda á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, kennurum og foreldrum. Þar segir að brýnt sé að annað starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemandans sé upplýst um færni hans í íslensku og styðji við íslenskunámið.

Markmið með kennslunni eru samkvæmt aðalnámskrá að nemendur geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum. Kennsluhættir og námsmat skal vera fjölbreytt.

Það er því hlutverk alls starfsfólks að styðja við íslenskunám allra nemenda á skólatíma og veita þeim fjölbreytt tækifæri til að æfa sig í íslensku, bæði munnlega og skriflega.

Í Fellaskóla er borin virðing fyrir öllum tungumálum.

Starfsfólk Fellaskóla ber virðingu fyrir öllum tungumálum nemenda og hvetur þá og foreldra þeirra til að efla kunnáttu sína í eigin tungumálum.

Skólastarf

- Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku í íslensku samfélagi og valdeflir nemendur.
- Í kennslustundum er íslenska sameiginlega skólamálið okkar - við kennum og lærum á íslensku.
- Samskipti milli nemenda og starfsfólks fara fram á íslensku.
- Námsorðaforði er markvisst lagður inn.

Kennarar og starfsfólk:

- eru meðvitaðir um gildi endurtekningar og gefa nemendum fjölbreytt tækifæri til að æfa sig á nýjum orðum.
 - leggja sig fram við að spyrja opinna spurninga og eiga gagnvirk samtöl við nemendur.
 - hvetja nemendur til að tjá sig á íslensku og æfa sig að nota skólamálið.
 - byggja kennslustundir þannig upp að nemendur tjái sig á íslensku, að það sé virk málnotkun í tímum og lögð er áhersla á að borin sé virðing fyrir hvert öðru.
 - hvetja nemendur til að leika sér með tungumálið og ræða við nemendur reglulega um mikilvægi öflugs orðaforða á öllum tungumálum.
 - vinna að því að tengja íslenskuna við önnur tungumál í skólanum.
 - eru meðvitaðir um að við erum öll málfyrirmyndir og íslenskukennarar og að við notum ríkulegan íslenskan orðaforða, að við kennum og lærum á íslensku.
- Við skólasetningu og önnur tækifæri leggur skólastjóri áherslu á notkun íslenskunnar í Fellaskóla og mikilvægi þess að nemendur æfi sig.
 - Í Fellaskóla er boðið upp á íslenskukennslu fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku.

- Viðburðir eru reglulega yfir skólaárið sem hvetja nemendur til að efla og viðhalda sínum tungumálum. Má þar nefna menningarmót í 2., 5. og 8. bekk og viðburð á sal í tengslum við Alþjóðlega tungumáladaginn. Í daglegu starfi eru nemendur hvattir til að æfa sig og lesa einnig á sínum tungumálum. Kennarar og starfsfólk eru hvattir til að sýna tungumálum nemenda áhuga og nýta tækifæri sem gefast til að efla fjölbreytta tungumálakunnáttu.

Á göngum og skólalóð

Íslenska er sameiginlega tungumálið í Fellaskóla, á göngum og á skólalóð. Í Fellaskóla eru nemendur hvattir til að tala íslensku svo að allir geti tekið þátt í leik og starfi.

Í Fellaskóla leggjum við okkur fram um að kenna nemendum að bera virðingu fyrir öðrum og útiloka ekki aðra með tungumálinu.

Vinafell

- Sömu reglur gilda í Vinafelli.
- Vinafell er hluti af skóladegi nemenda í 1. og 2. bekk með það að aðalmarkmiði að auka tíma nemenda í íslensku málumhverfi.

Skilaboð frá skóla og samskipti

Skilaboð frá Fellaskóla eru send heim á íslensku, ensku ef þörf er á. Skilaboðin séu á íslensku, stuttur útdráttur sé á ensku um meginefni bréfsins og auðvelt sé að þýða í þýðingarforriti yfir á önnur tungumál. Kennarar og starfsfólk nýta túlkapjónustu ef nauðsyn ber til.

Túlkapjónusta

Foreldrar, kennarar og starfsfólk geta óskað eftir túlkapjónustu. Íslenskan er skólamál Fellaskóla og við túlkum íslensku yfir á tungumál fölskyldunnar sé því við komið. Mikilvægt er að allir geti skilið upplýsingarnar, að allir hafi rödd og geti tekið þátt í samtalinu.

Enska

Enskan er kennd sem erlent tungumál. Gildi hennar í samskiptum og náms- og atvinnumöguleikar þeirra sem hana tala eru ótvíræð. Fellaskóli er íslenskur grunnskóli sem undirbýr nemendur sína fyrir áframhaldandi nám og búsetu á Íslandi.

Í Fellaskóla nota kennarar íslensku í kennslustundum. Enska er ekki notuð sem millimál yfir í íslensku. Ef það er nauðsynlegt þá er hægt að nota þessa aðferð til viðmiðunar:

- útskýra fyrst á íslensku
- útskýra aftur á ensku (ef nemandi hefur þekkingu í ensku)
- útskýra síðan aftur á íslensku

Innlögn í bekk eða hóp er alltaf á íslensku. Ef það eru einstaklingar sem skilja ekki hópfirmæli á íslensku þá er hægt að nýta aðferðina hér fyrir ofan.

Einnig er hægt að nýta myndir, látbragð, tákni með tali og þýðingarforrit.